

Aðgerðaáætlun í málefnum fjölmiðla



Stjórnarráð Íslands
Menningar-, nýsköpunar-
og háskólaráðuneytið

Breyttir tímar	3
Staða Ríkisútvarpsins í fjölmiðlaumhverfinu	5
Fjölbreytt flóra einkarekinna fjölmiðla	8
Heilbrigðara samkeppnisumhverfi	10
Áskrifta- og auglýsingakaup ríkisins	12
Sterkari stétt	13
Aðrar aðgerðir	14

Útgefandi: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið
Aðgerðaráætlun í málefnum fjölmiðla.

Desember 2025

mnh@mnh.is

Umbrot og textavinnsla:

Stjórnarráð Íslands

©2025 Stjórnarráð Íslands

Breyttir tímar kalla á breytta nálgun

Íslenskir fjölmiðlar eiga undir högg að sækja. Fyrir vikið á íslenskt samfélag undir högg að sækja. Sterkir og faglegir fréttamiðlar veita stjórnvöldum og atvinnulífi aðhald, greina flókin mál og setja þau í samhengi við sögu og samtíma. Þeir stuðla að varðveislu íslenskrar tungu og menningar og eru ein helsta forsenda þess að almenningur hafi aðgang að traustum og sannreyndum upplýsingum. Lýðræðið þrífst ekki án stöndugra, sjálfstæðra og gagnrýninna fjölmiðla. Þess vegna er það skylda stjórnvalda að tryggja að þeir þrífist.

Fjölmiðill er ekki eins og hvert annað fyrirtæki. Frumskylda blaðamanns er ekki að tryggja hluthöfum arð, heldur er trúnaður hans við lesendur. Hlutverk blaðamanns er að miðla áreiðanlegum upplýsingum til almennings þannig að hann geti tekið upplýstar ákvarðanir, hvort sem það er í kjörklefanum eða kjörbúðinni. Fjölmiðlar stuðla að því að framkvæmdar-, dóms- og löggjafarvaldið fari ekki út fyrir valdsvið sitt og því ekki að ósekju sem fjölmiðlar eru nefndir „fjórða valdið.“ Þeir eru grunnstoð í samfélaginu sem beinir kastljósinu að öðrum grunnstoðum.

Áform stjórnvalda eru skýr: að efla innlenda fjölmiðla sem gegna mikilvægu hlutverki fyrir íslenskt samfélag, menningu, tungumál, öryggi og lýðræði. Því er nauðsynlegt að meðfylgjandi aðgerðir nái fram að ganga og verði grunnur að langþráðri sókn fjölmiðlunar á Íslandi.

Rekstrarvandi íslenskra fjölmiðla er því áhyggjuefni fyrir íslenskt samfélag. Fjölmiðlar hafa mátt horfa upp á mikinn atgervisflóttu á undanförunum árum, samhliða því að um helmingur auglýsingafjár hefur runnið úr landi til erlendra samfélagsmiðla og leitarvéla. Fyrir vikið hafa þessir fjármunir ekki skilað sér inn í íslenskt hagkerfi, með tilheyrandi tapi fyrir alla. Erlendar streymisveitur hafa mikla markaðshlutdeild hér á landi á meðan einungis 15% landsmanna eru tilbúnir að greiða fyrir fréttabjónustu, samkvæmt nýlegri könnun Maskínu. Þá er stuldur á réttindavörðu efni fjölmiðla aðkallandi úrlausnarefni sem nauðsynlegt er að sporna við.

Áskoranir samtímans kalla því á breytta nálgun stjórnvalda í þessum efnum. Fyrsta aðgerðaáætlun stjórnvalda fyrir fjölmiðla endurspeglar þessa breyttu nálgun. Leiðarstef aðgerðaáætlunarinnar er þrípætt:

- **Fjölmiðlar eru grunnstoð í samfélaginu**
- **Alþjóðleg samkeppni grefur undan fjölmiðlum**
- **Nauðsynlegt er að horfa á fjölmiðlaumhverfið sem eina heild**

Fyrsta aðgerðaáætlun stjórnvalda setur fram raunhæfar, markvissar en um leið framsæknar leiðir í átt að viðspyrnu íslenskra fjölmiðla í alþjóðlegri samkeppni og fjölbreyttar aðgerðir sem geta stórbætt starfsumhverfi og samstarf þeirra.

Aðgerðaáætlunin er sett fram eftir viðamikið samráð við fjölmiðla landsins. Samráðsfundir voru haldnir í menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu í október og nóvember með fulltrúum fjölmiðla, Sambands íslenskra auglýsingastofa og auglýsingaframleiðenda.

Áform stjórnvalda eru skýr: að efla innlenda fjölmiðla sem gegna mikilvægu hlutverki fyrir íslenskt samfélag, menningu, tungumál, öryggi og lýðræði. Því er nauðsynlegt að meðfylgjandi aðgerðir nái fram að ganga og verði grunnur að langþráðri sókn fjölmiðlunar á Íslandi.



Aðgerðir til að styrkja umhverfi fjölmiðla á Íslandi

Eftirtalдар aðgerðir munu koma fram í frumvörpum um breytingar á lögum um fjölmiðla, lögum um Ríkisútvarpið og höfundalögum, lögum um menningarframlag streymisveitna, viðauka við þjónustusamning ráðherra við Ríkisútvarpið og öðrum reglum og tilmælum, eftir atvikum. Lagt er upp með að árangur þessara aðgerða verði reglulega metinn og tekinn til endurskoðunar að tveimur árum liðnum, nema annað sé tekið fram.

Aðgerðirnar skiptast í eftirtalda flokka:

- Staða Ríkisútvarpsins í fjölmiðlaumhverfinu
- Fjölbreytt flóra einkarekinna fjölmiðla
- Heilbrigðara samkeppnisumhverfi
- Sterkari stétt
- Aðrar aðgerðir



Staða Ríkisútvarpsins í fjölmiðlaumhverfinu

Ríkisútvarpið er ein helsta menningarstofnun landsins og mikilvægur vettvangur fyrir íslenska tungu, listir og lýðræðislega umræðu. Með því að miðla innlendu efni, styðja við íslenska dagskrárgerð og veita rými fyrir fjölbreyttar raddir styrkir RÚV menningarlega sjálfsmynd þjóðarinnar og varðveitir menningararf hennar. Þetta hlutverk RÚV er sérstaklega mikilvægt í dag, á tímum síaukinnar erlendrar samkeppni og tilheyrandi áhrifa hennar á tungu og menningarlíf.

Stjórnvöld telja því mikilvægt að standa vörð um Ríkisútvarpið - en undir breyttum formerkjum. Þess vegna verður skerpt á þeirri sýn stjórnvalda, í þjónustusamningi við Ríkisútvarpið, að RÚV gegni mikilvægu stuðningshlutverki við fjölmiðla landsins. Staða Ríkisútvarpsins í vistkerfi íslenskra fjölmiðla markist ekki af samkeppni við aðra fjölmiðla, heldur miði starfsemi RÚV að auknu samstarfi innan fjölmiðlaumhverfisins. Slíku samstarfi verði ætlað að efla umhverfið í heild sinni í samkeppni íslenskra fjölmiðla við erlenda tæknirisa. Ríkisútvarpið sé mikilvæg menningarstofnun sem beri ríkar miðlunarskyldur, bæði á efni og aðstoð. Í því samhengi verði áhersla m.a. lögð á:

- Aukið og fjölbreyttara samstarf við staðbundna fréttamiðla
- Samlegð og samnýtingu tækjabúnaðar
- Greiðara aðgengi annarra miðla að efni úr safni RÚV
- Menntunar- og fræðsluhlutverk RÚV í þágu fjölmiðlunar

Í samræmi við þessa sýn um stuðningshlutverk Ríkisútvarpsins í íslensku fjölmiðlaflórunni hyggjast stjórnvöld ráðast í eftirfarandi aðgerðir:

1 Auglýsingafé veitt til annarra fjölmiðla

Tímarammi:

2026-2027. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið verði lagt fram á vörpingi 2026 og komi til framkvæmda 1. janúar 2027.

Ábyrgðarráðuneyti:

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

Samstarfsaðili:

Ríkisútvarpið ohf.

Aðgerðin felur í sér að skilgreindu hlutfalli af auglýsingatekjum RÚV verði veitt inn í stuðningskerfi einkarekinna fjölmiðla. Fjárhæðin sem af þessu hlytist kæmi þannig til viðbótar því fjármagni sem úthlutað er árlega til stuðningsins á fjárlögum. Tillagan er sett fram með fyrirvara um að Alþingi ákveður skiptingu fjárheimilda til málefnasviða og málaflokka í fjárlögum ár hvert. Samtal stendur yfir við Ríkisútvarpið um tæknilega útfærslu aðgerðarinnar.

Þessi leið er best til þess fallin að tryggja þrennt:

- Að takmörkun á starfsemi RÚV á auglýsingamarkaði leiði ekki til þess að meira auglýsingafé renni úr landi.
- Að takmörkun á starfsemi RÚV á auglýsingamarkaði skili sér raunverulega til annarra íslenskra fjölmiðla.
- Að RÚV verði áfram aðgengilegur auglýsingavettvangur sem auglýsendur og framleiðendur telja undirstöðu framleiðslu á vönduðu íslensku efni og kvikmynduðum auglýsingum.

Lagt er til að hlutfallið verði um 12%. Þar að auki er lagt til að allar auglýsingatekjur sem RÚV aflar á ársgrundvelli umfram tiltekið hámark renni óskipt í stuðningskerfið við einkarekna fjölmiðla. Breytingar verði undirbúnar með góðum fyrirvara til þess að tryggja sem best fjárféðanleika í rekstri RÚV og gæta að skuldbindingum þess gagnvart sjálfstæðum framleiðendum og við kaup á sýningarréttum til lengri tíma. Aðgerðin komi því fyrst til framkvæmda í byrjun árs 2027.

2 Innleiðing á stafrænu auglýsingakerfi

Tímarammi:

2026

Ábyrgðarráðuneyti:

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

Samstarfsaðili:

Ríkisútvarpið ohf.

Aðgerðin felur í sér að stafrænt auglýsingakerfi RÚV verði innleitt um mitt ár 2026 en vinna við það er vel á veg komin. Innleiðingin er ekki aðeins til þess fallin að auka hagræði fyrir starfsmenn RÚV sölu ehf. og viðskiptavinum þeirra heldur eykur hún jafnframt gagnsæi og rekjanleika í starfsemi RÚV á auglýsingamarkaði.

3 Aflétting láns vegna eldri lífeyrisskuldbindinga RÚV

Tímarammi:

2026

Ábyrgðarráðuneyti:

Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið hafa ákveðið að hefja vinnu um hvernig megi létt af rekstri RÚV ohf. kostnaði vegna eldri lífeyrisskuldbindinga. Samtalið felur í sér að kanna hvort mögulegt sé að ríkissjóður yfirtaki lán vegna uppgjörs eldri lífeyrisskuldbindinga RÚV á sínum tíma. Tilgangurinn er að styðja betur við efnahag og rekstur félagsins. Með þessu er jafnframt að hluta komið til móts við tekjutap RÚV vegna annarra aðgerða í aðgerðaáætluninni.

Skuldabréfið hefur lengi verið þungur baggi fyrir rekstur og eigið fé RÚV ohf., bæði vegna hárra vaxta og hárra afborgana. Afborganir og vextir af láninu á ári eru tæpar 200 m.kr. og því til viðbótar gjaldfærist verðbótahækkun lánsins á hverju ári, sem nemur um 35-40 m.kr. fyrir hvert prósentustig verðbólgu á ársgrundvelli, og hefur á undanförunum árum hlaupið á hundruðum milljóna króna ár hvert.

4 Felldar verði út kvaðir um fjölda rása

Tímarammi:

2026-2027. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið verði lagt fram á vörðingi 2026 og komi til framkvæmda 1. janúar 2027.

Ábyrgðarráðuneyti:

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

Breytingatillagan miðar að því að auka sveigjanleika við miðlun dagskrárefnis Ríkisútvarpsins. Ekki er talið nauðsynlegt eða æskilegt að fjöldi hljóðvarps- og útvarpsstöðva sem dreift er á vegum Ríkisútvarpsins sé sérstaklega tilgreindur í lögum, heldur taki starfssvið stjórnar Ríkisútvarpsins til þess að taka slíkar ákvarðanir um umfang starfseminnar.

Ákvæði gildandi 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið er svohljóðandi:

Ríkisútvarpið skal dreifa efni til alls landsins og næstu miða með a.m.k. tveimur hljóðvarpsdagskrám og einni sjónvarpsdagskrá árið um kring.

Lagt er til að ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. verði svohljóðandi:

Ríkisútvarpið skuli dreifa efni til alls landsins og næstu miða með hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá árið um kring.

5 Þarfagreining á húsnæðismálum Ríkisútvarpsins

Tímarammi:

2026-2030.

Ábyrgðarráðuneyti:

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

Samstarfsaðili:

Ríkisútvarpið ohf.

Aðgerðin felur í sér að ráðist verði í þarfagreiningu og úttekt á aðbúnaði Ríkisútvarpsins. Útvarphúsið í Efstaleiti var tekið í notkun fyrir rúmlega 40 árum. Það er rúmir 16 þúsund fermetrar að stærð og hefur um langt árabil þótt vera óhentugt og dýrt í rekstri.

Það er mat stjórnar RÚV að fyrirtækið komist fyrir í minna húsnæði, sem gæti falið í sér hagræði fyrir reksturinn. Því er lagt til að ráðast í þarfagreiningu á aðbúnaði RÚV, með það fyrir augum að draga úr viðhalds- og rekstrarkostnaði til lengri tíma og auðvelda stofnuninni að rækja skyldur sínar.



Fjölbreytt flóra einkarekinna fjölmiðla

6 Almennur stuðningur hækkar

Tímarammi:

2026-2030. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 verði lagt fram á vorþingi 2026 og komi strax til framkvæmda.

Ábyrgðarráðuneyti:

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

Samstarfsaðili:

Úthlutunarnefnd um rekstrarstuðning til einkarekinna fjölmiðla, fjölmiðlanefnd og Innviðaráðuneytið.

Núverandi fyrirkomulag endurgreiðslna á ritstjórnarkostnaði verður framlengt til fimm ára, en skerpt á einstaka skilyrðum. Þetta er gert til að auka fyrirsjáanleika kerfisins og um leið rekstrarumhverfi þeirra einkareknu miðla sem njóta góðs af því. Tillagan er sett fram með fyrirvara um að Alþingi ákveður skiptingu fjárheimilda til málefnasviða og málaflokka í fjárlögum ár hvert, en hér er lagt upp með að stuðningurinn aukist samhliða því að hluta auglýsingatekna RÚV verði veitt til þessa stuðnings.

Helstu breytingar á almenna stuðningnum:

- Útgreiðslu stuðnings verði flýtt og verði fyrr á árinu en verið hefur.
- Nýtt skilyrði að norrænni fyrirmynd um að fjölmiðlar miðli fréttum og fréttatengdu efni úr íslensku samfélagi, í heild eða hluta, á textaformi, á prenti eða vef. Skilyrðið lýtur að því að efla læsi og treysta stöðu íslenskrar tungu og lýðræðis. Ekki er þó skilyrði að viðkomandi fjölmiðill miðli efni eingöngu á textaformi eða eingöngu á íslensku.

7 Aukinn stuðningur við almannapjónustu fjölmiðla

Tímarammi:

2026-2030. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 verði lagt fram á vörðing 2026 og komi strax til framkvæmda.

Ábyrgðarráðuneyti:

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

Samstarfsaðili:

Úthlutunarnefnd um rekstrarstuðning til einkarekinna fjölmiðla, fjölmiðlanefnd og Innviðaráðuneytið.

Lagt er til að stjórnvöld styðji sérstaklega við fjölmiðla sem uppfylla sértæk skilyrði og talist geta til almennrar fréttapjónustu í þágu almennings um allt land. Fyrir árið 2026 verða 100 m.kr. til umráða og mun ráðuneytið óska eftir því að stuðningurinn verði aukinn enn frekar í fjármálaáætlun. Stuðningurinn mun skiptast jafnt milli allra þeirra fjölmiðla sem uppfylla skilyrðin.

Litið verði til sömu skilgreininga og við framkvæmd X kafla B laga um fjölmiðla nr. 38/2011 um stuðning við einkarekna fjölmiðla, en eingöngu skráðir fjölmiðlar sem miðla fréttum, fréttatengdu efni og umfjöllun um samfélagsleg málefni eiga rétt á slíkum stuðningi.

Að auki verði gerðar ríkari kröfur um að fjölmiðlun fari fram í almannapágu, að lágmarki þessar:

- Kröfur um tiltekinn fjölda blaðamanna á ritstjórn og daglega útgáfu/miðlun fréttar
- Kröfur um að fréttir séu fjölbreyttar og að efnistöð fjölmiðla hafi breiða og almenna skírskotun en séu ekki bundin við afmörkuð svið samfélagsins
- Fjölmiðlar séu „landsdekkandi“, þ.e. flytji fréttir af öllu landinu en ekki eingöngu staðbundnum landsvæðum
- Kröfur um viðbragðsgetu allan sólarhringinn
- Kröfur um tiltekið hlutfall frumunnins ritstjórnarefnis á móti auglýsingum
- Kröfur um kosningaumfjöllun á landsvísi

8 Nýsköpunar- og þróunarsjóður fjölmiðla

Tímarammi:

2026.

Ábyrgðarráðuneyti:

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

Samstarfsaðili:

Rannís.

Árið 2026 verði stofnaður nýsköpunar- og þróunarsjóður fyrir fréttamiðla sem hafi að markmiði að styðja við nýsköpun, tækniþróun og þróun nýrra viðskiptaaðgerða á fréttamiðlum.

Stutt verði við þróun nýrra fréttamiðla og nýsköpunarverkefni innan eldri fréttamiðla, þar á meðal þróun tæknilegrar nýbreytni og nýrra miðlunarleiða. Undir tæknilega nýbreytni falla t.d. stafrænar lausnir sem byggjast á gervigreind og lausnir sem nýtast við sölu vefáskrifta. Rannís annist umsýslu og úthlutanir úr sjóðnum. Aðgerðin verði endurmetin í lok árs 2026 með tilliti til árangurs af henni.

9 Talsetningar- og textunarsjóður

Tímarammi:

2026.

Ábyrgðarráðuneyti:

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

Aðgerðin felur í sér að veittir verði styrkir úr Talsetningar- og textunarsjóði til innlendra, einkarekinna fjölmiðla sem talsetja og texta barnaefni á íslensku samkvæmt lagaskyldu, með það að markmiði að styðja við talsetningu og textun barnaefnis á íslensku, jafna samkeppnisstöðu innlendra fjölmiðla gagnvart erlendum fjölmiðlum og stuðla að vernd íslenskrar tungu. Aðgerðin verði endurmetin í lok árs 2026, m.a. með tilliti til stöðu og þróunar stafrænna málæknalausna sem nýtist við vélþýðingar, hljóðlýsingu og samtímatextun myndefnis.



Heilbrigðara samkeppnisumhverfi

10

Skattlagning alþjóðlegra tæknifyrirtækja

Tímarammi:
2026.

Ábyrgðarráðuneyti:
Fjármála- og
efnahagsráðuneytið.

Um helmingur alls auglýsingafjár á Íslandi fer til stórra alþjóðlegra tæknifyrirtækja, samfélagsmiðla og leitarvéla. Farið verði yfir þær leiðir sem farnar hafa verið í nágrannaríkjunum til skattlagningar á þessu fé og kannað hvort mögulegt sé að fara í sameiginlegar aðgerðir með öðrum ríkjum.

Vinnan verður á forræði fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem skilar tillögum í vor.

11

Aðgerðir til að stöðva hugverkapjófnað á fjölmiðlaefni í sjónvarpi

Tímarammi:
2026. Frumvarp til laga um
breytingu á höfundalögum
verður lagt fram á vörpingi.

Ábyrgðarráðuneyti:
Menningar-, nýsköpunar- og
háskólaráðuneytið.

Mat Félags rétthafa í sjónvarpi og kvikmyndum er að 4 milljarða króna tekjutap sé af hugverkastuldi hér á landi þar sem fólk færir sér í nyt ólöglega IPTV þjónustu. Aðgerðin felur í sér að komið verði böndum á sjóræningjastarfsemi á sjónvarpsmarkaði.

Meðal aðgerða sem mælt er með að ráðist verði í er að hækka refsiramma fyrir brot, breytingar á skatteftirliti og mögulegar tæknilausnir til að bregla ólöglegar útsendingar. Auk þess verði ráðist í vitundarvakningu þar sem sjónum verður beint að alvarleika höfundaréttarbrot, tengslum þeirra við skipulagða glæpastarfsemi og neikvæðum afleiðingum fyrir störf í skapandi greinum.

12 Endurgjald fyrir afnot á efni fjölmiðla

Tímarammi:

2026. Frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum verður lagt fram á vorþingi.

Farið verði yfir þær leiðir sem farnar hafa verið í nágrannaríkjum til að krefja gervigreindarfyrirtæki og önnur tæknifyrirtæki um endurgjald fyrir afnot á höfundaréttarvörðu efni fjölmiðla. Unnið verði að lagabreytingum sem miði að því að styrkja samningsstöðu útgefenda fjölmiðla gagnvart tæknifyrirtækjum sem hagnýta efni fjölmiðla.

Ábyrgðarráðuneyti:

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

13 Menningarframlag streymisveitna

Tímarammi:

Frumvarp um menningarframlag streymisveitna taki gildi 2026 og komi til framkvæmda 2027.

Fyrsti gjalddagi menningarframlags verði samhliða álagningu opinberra gjalda árið 2027.

Frumvarp hefur verið lagt fram á Alþingi um að streymisveitum verði skylt að greiða menningarframlag og framlög ríkisins í Kvikmyndasjóð hækki sem þeirri upphæð nemur. Skatturinn lækkar í samræmi við umfang beinna fjárfestinga í framleiðslu á innlendu efni á íslensku, og í talsetningu og textun erlends efnis á íslensku, og fellur niður þegar slíkar fjárfestingar ná 5% af áskriftartekjum hér á landi. Frumvarpið miðar að því að efla íslenska menningu og íslenska tungu með því að stuðla að aukinni fjárfestingu alþjóðlegra streymisveitna í framleiðslu á innlendu efni á íslensku og í talsetningu og textun erlends efnis á íslensku. Það miðar einnig að því að fjölga atvinnutækifærum fagfólks sem starfar við sjónvarps- og kvikmyndaframleiðslu hér á landi og að jafna samkeppnisstöðu innlendra fjölmiðla gagnvart erlendum streymisveitum.

Ábyrgðarráðuneyti:

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.



Áskrifta- og auglýsingakaup ríkisins

14	Stjórnarráðið innleiði stefnu um áskrifta- og auglýsingakaup af innlendum fjölmiðlum
Tímarammi: 2026.	Stjórnarráð Íslands leiði með góðu fordæmi og hætti kaupum á auglýsingum á samfélagsmiðlum eða í leitarvélum, með það fyrir augum að styðja við íslenska fjölmiðla. Að sama skapi leitist Stjórnarráð Íslands við að kaupa áskriftir af íslenskum fréttamiðlum.
Ábyrgðarráðuneyti: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.	Gefin verði út tilmæli til opinberra stofnana, að viðhöfðu samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið, um að þær beini auglýsingakaupum sínum til innlendra fjölmiðla, sé þess kostur.



Nemendur í BA-námi í blaðamennsku við Háskóla Íslands vorið 2025.

Sterkari stétt

15

Efling menntunar og fagþekkingar í blaðamennsku

Tímarammi:
2026-2027.

Stjórnvöld styðji tímabundið við BA-nám í blaðamennsku við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands, með fjárframlagi sem nemur einu stöðugildi.

Ábyrgðarráðuneyti:
Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

Hlutfall menntaðra blaðamanna hér á landi er lágt samanborið við hlutfall þeirra annars staðar á Norðurlöndum og breytingar á umhverfi fjölmiðla hafa leitt til þess að minna svigrúm gefst til að veita nýjum blaðamönnum tilsögn og þjálfun í undirstöðum blaðamennsku á vettvangi. Nauðsynlegt er að mennta fólk með góðan og traustan grunn í blaðamennsku til þess að viðhalda samfélagslegu trausti til fjölmiðla og sporna gegn upplýsingaóreiðu. Með tímabundnum stuðningi við námsleið í blaðamennsku stuðla stjórnvöld að því að nám í blaðamennsku verði raunhæfur og aðgengilegur valkostur.

16

Átak í fræðslu um miðlalæsi

Tímarammi:
2026-2027.

Tilkoma gervigreindar, tækniþróun og aukin notkun stafrænna miðla kallar á nýja færni hjá notendum þeirra. Miðlalæsi er víða í brennidepli og gegnir lykilhlutverki við að auka stafræna færni, samfélagsvitund og gagnrýna hugsun og getu til að eiga í ábyrgum og öruggum samskiptum á stafrænum miðlum. Stjórnvöld styðji í auknum mæli við fræðslu um upplýsinga- og miðlalæsi í grunn- og framhaldsskólum og geri fræðsluefni um tækifæri og áskoranir í stafrænu umhverfi aðgengilegt fyrir almenning.

Ábyrgðarráðuneyti:
Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

Framkvæmdaraðili:
NETVÍS - Netöryggismiðstöð Íslands.

Fræðslan fari m.a. fram í tengslum við verkefni sem NETVÍS/Fjölmiðlanefnd heldur utan um. Verkefnið nýtur styrkja frá Evrópusambandinu á grundvelli þess að íslensk stjórnvöld tryggi sambærilegt mótframlag frá íslenskum stjórnvöldum.

17

Vitundarvakning um mikilvægi ritstýrðra fjölmiðla

Tímarammi:
2026-2027.

Ábyrgðarráðuneyti:

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

Framkvæmdaaðili:

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

Einn tilgangur stjórnvalda með aðgerðum í málefnum fjölmiðla er að hvetja til umræðu um íslenska fjölmiðla, hlutverk þeirra og mikilvægi fyrir íslenskt samfélag, lýðræði, menningu og tungumál. Hér á landi eru einungis 15% landsmanna tilbúin að greiða fyrir fréttapjónustu, samkvæmt nýlegri könnun Maskínu á meðan sambærilegt hlutfall er 40% í Noregi. Lagt er til að ráðist verði í vitundarvakningu sem miði að því að minna á mikilvægi blaðamennsku í íslensku samfélagi og hvetja til þess að almenningur, stofnanir og fyrirtæki styðji faglega, innlenda fjölmiðla í verki með kaupum á áskriftum og auglýsingum.

Aðrar aðgerðir

Innan menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins, með aðkomu annarra ráðuneyta, er áfram unnið að:

- Umbótum sem geta styrkt fjölmiðlafrelsi á Íslandi, í samræmi við niðurstöður lausnamóts Blaðamannafélags Íslands.
- Einföldun stjórnsýslu og eftirlits á sviði fjölmiðlunar og fjarskipta.



Stjórnarráð Íslands
Menningar-, nýsköpunar-
og háskólaráðuneytið